




Fréttabréf Landfræðifélagsins



1. tbl. 2. árg. 1986

Abm: Tryggvi Jakobsson

FRÆDSLUFUNDIR

Af ymsum ástæðum hefur útkoma þessa fréttabréfs dregist nokkuð á langinn og valda því bæði annir formanns og nokkur óvissa um efni fræðslufunda til vors. Um tíma var ætlunin að hafa aðeins einn fund til viðbótar við þá tvo sem haldnir hafa verið á þessum vetri, en nú hefur verið ákveðið að þeir verði tveir.

Hinn fyrri verður fimmtudaginn 20. mars n.k. kl. 20.30 í stofu 101 í Lögbergi, húsi lagadeildar Háskóla Íslands. Þá munu arkitektarnir Jóhannes S. Kjarval og Kristján Asgeirsson sýna myndir og segja frá Laugaveginum í Reykjavík og nyloknum framkvæmdum á neðri hluta hans. Þessi fræðslufundur er öðrum þræði hugsaður sem framlag Landfræðifélagsins á 200 ára afmælisári Reykjavíkurborgar.

Síðari fræðslufundurinn verður svo fimmtudaginn 3. apríl kl. 20.30 á sama stað. Þá mun hinn landskunni ljósmyndari Björn Rúriksson sýna litskyggnur og fjalla um sjálfvalið efni á sviði landmótunar. Björn er sérstaklega kunnur fyrir skámyndatökur úr lofti og verður vafalaust fróðlegt að sjá landmótunarfyrirbærin frá sjónarhóli fugla. Fræðslufundirnir verða sérstaklega auglýstir í dagbókum dagblaðanna.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Landfræðifélagsins árið 1986 verður haldinn að Hótel Esju, fimmtudaginn 17. apríl kl. 20.30. Dagskrá verður samkvæmt lögum félagsins. Fundurinn verður nánar auglýstur í fjölmiðlum þegar þar að kemur.



Ekki fannst loftljósmynd af mannfjölda á Laugavegi til að sameina í einni mynd eitthvað af efni beggja fræðslufunda vorsins. En þessi komst næst því. Á henni sést mannfjöldinn á Lækjartorgi og í Bankastræti þann 24. október síðastliðinn.
(Ljós. T. J.)

NYJAR AFANGALYSINGAR FRAMHALDSSKÓLA

Í síðari hluta janúarmánaðar og fyrri hluta febrúar vann starfshópur á vegum menntamálaráðuneytis, framhaldsskóladeildar að gerð nýrra áfangalysinga í landafræði fyrir framhaldsskóla. Þetta starf var angí af stórra verkefni sem var gerð námskrár fyrir áfangakerfi skólanna og samning nýrra áfangalysinga í öllum

námsgreinum. Í nefndinni sátu: Guðrún Ólafsdóttir frá Háskóla Íslands, Arni Stefánsson frá Kennaraháskólanum, Óttar Ólafsson, Sigurður Sigursveinsson og Tryggvi Jakobsson frá Landfræðifélaginu, auk Karls Kristjánssonar sem var starfsmaður ráðuneytisins í þessari vinnu.

Nefndin varð sammála um að stefna að því að reyna að koma tveggja eininga áfanga í landafræði (Lan 102) að sem skylduáfanga á öllum sviðum og brautum. Helstu markmið þessa áfanga eru þau að nemendur kynnist viðfangsefnum og starfsaðferðum landfræðinga, grundvallaratriðum kortagerðar og fjarkönnunar og að þau verði læs á kort. Þá að nemendur kynnist eitthvað þeim þáttum sem hafa áhrif á mannfjölda og sérstaklega tengslum manns og umhverfis. Auk þessa áfanga voru samdar lýsingar á fjórum öðrum: Lan 203, Náttúrulandafræði (Veðurfræði, haffræði, jarðvegur og gróðurfar); Lan 213, Hagræn landafræði; Lan 223, Byggðalandafræði; og loks Lan 233, Þróunarlönd. Þessir áfangar eru allir hugsaðir sem valáfangar á þeim brautum sem þeir eru taldir henta best.

Í framhaldi af þessari vinnu var svo deildarstjóra framhaldsskóladeildar sent bréf, þar sem bent var á að grundvallarforsenda þess að skylduáfanginn verði samkeppnisfær við aðra áfanga skyldra greina væri sú að til boða stæði vandað námsefni á íslensku. Enn fremur var bent á að nauðsynlegt væri að hefja undirbúning að samningu efnis fyrir aðra áfanga í landafræði. Í bréfinu var hreyft við þeirri hugmynd að Óttari Ólafssyni landfræðingi og kennara við verkmenntaskólann á Akureyri verði veittur kennsluafsláttur til að sinna þessu verkefni í samráði við starfshóp á vegum Landfræðifélagsins. Óttar, sem er nykominn heim frá námi í Svíþjóð, hefur nokkuð fengist við að taka saman efni fyrir nemendur sína og hefur hann lýst sig reiðubúinn að taka þetta verkefni að sér. Stjórn Landfræðifélagsins vonast til að þessari málaleitan verði vel tekið af ráðuneytinu.

LANDABRÉF

Tímarit Landfræðifélagsins

Eins og fram hefur komið var ákveðið á síðasta aðalfundi félagsins að Landabréfið verði gefið út með nýju sniði, þ.e. sem tímarit. Ritnefnd vinnur nú að öflun efnis í fyrsta tölublaði tímaritsins, sem er væntanlegt nú á vordögum. Þeir félagsmenn sem kunna að lúra á efni sem þeir telja að eigi erindi í Landabréfið ættu að snúa sér til ritnefndar hið fyrsta. Fulltrúi hennar er Sigríður Haraldsdóttir, sem vinnur á Borgarskipulagi Reykjavíkur. Munið að forsenda þess að gefa út vandað tímarit er sú að því berist efni frá áhugasömum félögum.

STJÖRN LANDFRÆÐIFELAGSINS

Formaður: Tryggvi Jakobsson, Leifsgötu 26 101 R.

Varaformaður: Sigríður Haraldsdóttir


Gjaldkeri: Einar Egilsson

Ritari: Karl Kristjánsson

Meðstjórnendur: Árni Stefánsson

Elín Erlingsdóttir

Salvör Jónsdóttir



LANDFRÆÐIFELAGIÐ

Pósthólf 1641
121 Reykjavík